



Fundargerð

288. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
22. ágúst 2024, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Fjármál Reykjaneshafnar (2024080299)
Farið yfir óendurskoðað sex mánaða rekstraruppgjör Reykjaneshafnar.
2. Fjárhagsáætlun 2025 (2024050440)
Farið yfir stöðu á vinnslu fjárhagsáætlunar atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2025.
3. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)
Verkfundargerðir nr. 5, nr. 6 og nr. 7, dags. 3. júlí, 10. júlí og 20. ágúst 2024, vegna verksins „**Njarðvíkurhöfn Suðursvæði, dýpkun hafnar 2024**“ lagðar fram.
4. Reykjaneshöfn - uppsátursvæði (2021090502)
Nýtt deiliskipulag upp af smábátahöfninni í Gróf gerir ráð fyrir að uppsátursvæði Reykjaneshafnar færist á nýjan stað. Lagt fram bréf frá Reykjaneshöfn, dags. 15. júlí 2024, þar sem fram kemur að samþykkt er breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins í Helguvík í tengslum við þessa breytingu.
5. Skemmtiferðaskip (2024010266)
Lagt fram minnisblað frá Reykjaneshöfn og Markaðsstofu Reykjaness vegna komu skemmtiferðaskipsins ms. Azamara Quest til Reykjaneshafnar þann 29. júní sl.
6. Atvinnustefna Reykjaneshafnar (2023020501)
Lagt fram yfirlit yfir athugasemdir og ábendingar sem borist hafa frá umsagnaraðilum um drög að atvinnustefnu Reykjaneshafnar. Farið yfir næstu skref vegna áframhaldandi vinnu við drögin.
7. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands 15. ágúst 2024 (2024020132)
Fundargerðir 464. fundar Hafnasambands Íslands frá 15.08.24.
8. Hafnasambandsþing 2024 (2024020130)
Hafnasambandsþing 2024 verður haldið á Akureyri dagana 24. og 25. október nk. og munu fulltrúar Reykjaneshafnar sækja þingið.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að bjóða fram á komandi Hafnasambandsþingi að halda næsta Hafnasambandsþing sem verður 2026 og leita samstarfs við aðrar hafnir á Suðurnesjum um framkvæmdina.

9. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2024010270)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

10. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2024010271)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.